

Ársskýrsla 2025



**Suðurhlíð**

Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á  
Suðurnesjum

Suðurhlíð við Heilsugæsluna Höfða  
Aðalgata 60, Reykjanesbæ  
Uppsetning, samantekt og tölfraeði: Inga Dóra Jónsdóttir og Rut Sigurðardóttir  
[www.sudurhlid.is](http://www.sudurhlid.is)  
[sudurhlid@sudurhlid.is](mailto:sudurhlid@sudurhlid.is)  
Skýrslu þessa má ekki afrita með nokkrum hætt

## Efnisyfirlit

Upphafið .....	8
Hugmyndafræði .....	9
Hlutverk .....	10
Markmið .....	10
Samstarfsaðilar .....	11
Þjónusta .....	11
Birtingarmyndir ofbeldis .....	12
Fræðsla og kynningarstarf.....	14
Alþjóðlegt samstarf .....	15
Styrkir .....	15
Tölulegar upplýsingar .....	15
Suðurhlíð til framtíðar .....	45

Tafla 1. Þjónusta áður .....	16
Tafla 2. Upplýsingar um úrræðið .....	18
Tafla 3. Hjúskaparstaða þjónustunotenda .....	23
Tafla 4. Atvinnustaða þjónustunotenda.....	24
Tafla 5. Menntunarstig þjónustunotenda.....	25
Tafla 6. Fötlun og/eða sjúkdómar.....	26
Tafla 7. Birtingarmynd ofbeldis.....	29
Tafla 8. Tengsl þjónustunotenda við geranda.....	30
Tafla 9. Uppruni geranda.....	32
Tafla 10. Vettvangur ofbeldis.....	34
Tafla 11. Fíkn geranda. ....	35
Tafla 12. Afleiðingar ofbeldis.....	40

Mynd 1. Tími atviks.....	14
Mynd 2. Dreifing fyrstu viðtala eftir mánuðum. ....	17
Mynd 3. Dreifing aldurs þjónustunotenda í Suðurhlíð 2025. ....	19
Mynd 4. Skipting þjónustunotenda eftir kyni, karl, kona, kynsegin.....	20
Mynd 5. Dreifing svarenda um kynhneigð. ....	21
Mynd 6. Búseta þolenda.....	22
Mynd 7. Aldursdreifing geranda .....30	
Mynd 8. Kærur á hendur geranda. ....32	
Mynd 9. Vopnanotkun.....35	
Mynd 10. Eyðilegging muna. ....35	
Mynd 11. Fjárhagslegt ofbeldi. ....36	
Mynd 12. Fyrri áföll. ....40	
Mynd 13. Tilvísanir innan Suðurhlíðar. ....41	
Mynd 14. Tilvísanir utan Suðurhlíðar .....42	

## Upphafið

Árið 2024 markaði tímamót í baráttunni gegn ofbeldi á Suðurnesjum þegar Suðurhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis var stofnuð. Miðstöðin er afrakstur víðtæks samstarfs ellefu aðila á Suðurnesjum sem sameinuðust um að efla stuðning og úrræði fyrir þolendur ofbeldis. Í nóvember 2023 undirrituðu eftirtaldir aðilar samstarfsyfirlýsingu; Suðurnesjabær, Grindavík, Reykjanesbær, Sveitarfélagið Vogar, Fjölbrautaskóli Suðurnesja (FS), Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS), Heilsugæslan Höfða, Keilir miðstöð fræða og atvinnulífs, Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, og Sýslumaðurinn á Suðurnesjum. Skipaður var undirbúningshópur þar sem fulltrúar þeirra aðila sem stefndu að opnun miðstöðvarinnar áttu sæti sem voru sveitarfélögin fjögur, Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, HSS, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Kvennaráðgjöfin. Fundina sat einnig Sýslumaðurinn á Suðurnesjum sem jafnframt hýsti fundina. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hafði þegar veitt styrk til verkefnisins. Suðurhlíð deilir húsnæði með Heilsugæslunni Höfða í Reykjanesbæ og annarri heilsutengdri starfsemi.

Stofnfundur Suðurhlíðar var þann 22. maí 2024. Inga Dóra Jónsdóttir var ráðin sem teymisstýra í júní 2024 og hóf störf 1. september 2024. Hún hefur verið eini starfsmaður miðstöðvarinnar frá upphafi. Suðurhlíð var formlega opnuð þann 17. október 2024 og bauð Hótel Marriott Suðurhlíð að nota sal hjá sér svo hægt væri að bjóða öllum velunnurum á opunarhátíðina, en þangað komu um 60 manns bæði samstarfsaðilar og aðrir sem að vildu kynna sér aðstöðu Suðurhlíð.

Rekstrarform Suðurhlíðar er í formi frjálsra félagsamtaka. Í samþykktum félagsins er þess getið að allir samstarfsaðilar eigi fulltrúa í stjórn auk varamanns. Þar sem að Mannréttindaskrifstofa Íslands var lögð niður 2025 hætti fulltrúi hennar í stjórn. Einnig voru breytingar á fulltrúa Grindavíkur og HSS. Stjórn ársins skipa: Rut Sigurðardóttir formaður, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, Þorbjörg Inga Jónsdóttir, Guðrún Björg Sigurðardóttir, Andrea Klara Hauksdóttir og Nökkvi Már Jónsson. Stjórnarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði, Stjórn Suðurhlíðar ber ábyrgð á daglegum rekstri og vinnur teymisstjóri í hennar umboði.

## Hugmyndafræði

Suðurhlíð byggir á sömu hugmyndafræði og „(Family Justice Center)“ sem byrjaði að þróast í Bandaríkjunum árið 1989 en fyrsta miðstöðin opnaði í San Diego árið 2002. Hugmyndafræðin felur í sér að grípa betur þolendur ofbeldis í nánnum samböndum og eru nú miðstöðvar í líkingu við Suðurhlíð í mörgum fylkjum Bandaríkjanna. Ísland var áttunda landið í Evrópu til að þróa hugmyndafræðina en í dag eru 19 miðstöðvar í Evrópu, EFJC European Family Justice Center. Bjarkahlíð var fyrsta miðstöðin hér á landi en hún opnaði í febrúar 2017, síðan bættust við Bjarmahlíð á Akureyri og Sigurhæðir á Selfossi sem er byggð upp með svipuðum hætti þó þjónustan þar miðist eingöngu við konur. Megininntakið í hugmyndafræðinni er að veita lágþröskuldapjónustu fyrir fullorðna þolendur ofbeldis á einum stað, þeim að kostnaðarlausu.

## Hlutverk

Suðurhlíð býður upp á áfallamiðaða ráðgjöf, stuðning og upplýsingar fyrir þolendur ofbeldis af öllum kynjum, 18 ára og eldri. Boðið er upp á samhæfða þjónustu á einum stað og hægt er að fá einstaklingsviðtöl þar sem boðið er upp á ráðgjöf og stuðning. Til viðbótar veitir lögreglan upplýsingar um ferli mála í réttarvörslukerfinu og kemur málum í farveg innan lögreglunnar, þar að auki er einnig hægt að nálgast lögfræðiráðgjöf.

Suðurhlíð er viðbót við þá starfsemi sem þegar er í boði fyrir þolendur ofbeldis og öll vinna er á forsendum þeirra sem þangað leita. Hægt er að hringja, senda tölvupóst eða bóka í gegnum vefsíðu og samfélagsmiðla.

## Markmið

Markmið Suðurhlíðar er að vera lágpröskuldapjónusta fyrir þolendur ofbeldis, auka öryggi þjónustuþega og stuðla að valdeflingu þeirra. Veita fræðslu og upplýsingar um eðli og afleiðingar ofbeldis, taka þátt í að koma að aukinni umræðu um ofbeldi í samfélaginu og senda skýr skilaboð um hver beri ábyrgð á ofbeldinu. Þetta er meðal annars gert með því að skapa hlýlegt og öruggt umhverfi í Suðurhlíð fyrir alla þolendur ofbeldis í nánum samböndum

## Samstarfsaðilar

Frjálsu félagasamtökin Stígamót og Kvennaathvarfið veita ráðgjöf og stuðning. Samstarfsaðilar eru allir með fulltrúa í stjórn og stýra þannig stefnu og mótun starfsins í Suðurhlíð. Gott samstarf er á milli Bjarmahlíðar, Bjarkarhlíðar, Sigurhæða og Suðurhlíðar.

## Þjónusta

Suðurhlíð er lágþröskuldapjónusta og ekki þarf tilvísun til að koma í fyrsta viðtal. Ráðgjafi Suðurhlíðar tekur móttökuviðtal við þjónustuþega þegar þeir koma í Suðurhlíð. Fyllt er út rafrænt eyðublað við fyrstu komu og farið yfir trúnað og persónuverndarstefnu þar sem bakgrunnsupplýsingum um þjónustunotenda og eðli ofbeldisins sem hann hefur orðið fyrir er safnað í gagnagrunn með samþykki þjónustunotanda. Tölfræði Suðurhlíðar byggir meðal annars á þessum gögnum.

Stærsti liður þjónustu Suðurhlíðar hafa verið einstaklingsviðtöl. Vaninn er að bjóða þjónustunotendum eitt til þrjú viðtöl við ráðgjafa og í framhaldi er boðin áframhaldandi ráðgjöf og stuðningur hjá þeim aðilum sem taldir eru best til þess fallnir að vinna með þær afleiðingar ofbeldis sem viðkomandi hefur orðið fyrir.

Kvennaathvarfið og Stígamót bjóða þjónustunotendum áframhaldandi viðtöl og stuðning í framhaldi af viðtölum við ráðgjafa Suðurhlíðar. Enn sem komið er hafa þjónustunotendur fengið viðtöl á starfsstöð eða í gegnum fjarfundarbúnað. Samtal við lögreglu og lögfræðiráðgjöf stendur þjónustunotanda einnig til boða.

Vorið 2025 var unnið að verkefni með áfallamiðað jóga sem leitt var af Berglindi Skúladóttur hjúkrunarfræðingi og jógakennara. Þjónustunotendum Suðurhlíðar var boðið að taka þátt. Áfallamiðað og áfallanæmt jóga (e. Trauma Center Trauma

Sensitive Yoga) er líkamsmiðuð aðferð til að létta á einkennum af flókinni áfallasögu og áfallastreitu (complex PTSD). Aðferðin er byggð á gagnreyndum aðferðum (Whermann, Dewtrich, Nguyen-Feng, 2024).

Verkefnið stóð yfir í sjö vikur. Fimm einstaklingum var boðið að sækja námskeiðið en þrír tóku reglulegan þátt. Matslisti var lagður fyrir þátttakendur við upphaf og lok námskeiðsins þar sem lögð var sérstök áhersla á kvíðaeinkenni og líðan. Marktækur munur var á líðan þátttakenda eftir námskeiðið, einstaklingarnir sýndu betri líðan við lok námskeiðsins og upplifðu meira innra jafnvægi.

Til að bæta og efla þjónustu Suðurhlíðar er búið að setja af stað stuðningshóp og jóga hóp. Þessi úrræði eru hugsað í framhaldi af viðtölum hjá Suðurhlíð. Það hefur sýnt sig í þjónustu Suðurhlíðar að notendur þurfa að bíða lengi eftir þjónustu og koma því í mun fleiri viðtöl í Suðurhlíð en lagt er upp með, því er nauðsynlegt að geta boðið upp á úrræði eins og jóga og hópastarf. Þar fá þátttakendur tækifæri til að vinna með stöðu sína sem þolendur ofbeldis í gegnum fræðslu og verkefni sem og munnlega og skapandi tjáningu. Hópurinn er samansettur af 6-8 konum sem hittast einu sinni í viku tíu vikur í senn. Lögð er áhersla á öruggt umhverfi og traust samskipti.

## Birtingarmyndir ofbeldis

Ofbeldi á sér margar birtingarmyndir. Í Suðurhlíð eru teknar saman upplýsingar um ofbeldi sem þjónustupegi greinir frá og eru eftirfarandi birtingarmyndir notaðar í þeirri tölfraði sem er safnað og birtist m.a. í þessari skýrslu. Athugið að einungis nokkur dæmi eru gefin við hverja tegund ofbeldis en þau eru vitaskuld fleiri.

**ANDLEGT OFBELDI:** Til dæmis stjórnun, kúgun, niðurlæging, sjálfsvígshótanir, einangrun, morðhótun, ógnandi hegðun og gaslýsing þar sem brotapolí fer að efast um minni sitt og upplifanir.

**LÍKAMLEGT OFBELDI:** Til dæmis að hrinda, ýta, slá, halda, kýla, sparka í, brenna, drekkja, kæfa og kyrkja.

**KYNFERÐISLEGT OFBELDI:** Til dæmis að þvinga til kynferðislegra athafna, pressa/suða/hóta, vakna við nauðgun/“kynlíf“, byrlun og kynfrelsi ekki virt.

**MANSAL:** Hagnýting á bágum aðstæðum einstaklings til

kynlífsþjónustu. Nauðungarvinna sem oft er nefnd nútímaprælahald fellur einnig undir þennan flokk.

**FJÁRHAGSLEGT OFBELDI:** Til dæmis að skemma muni, skerða aðgang að fjármunum, veita ekki upplýsingar um fjárhagslega stöðu, fjárhagslegt óöryggi, krafa um lántöku og skuldsetning einstaklings gegn hans vilja.

**STAFRÆNT OFBELDI:** Misnotkun á samfélagsmiðlum, hótanir gegnum miðla, persónustuldur þar af stafrænt kynferðisofbeldi: Til dæmis myndbirtingar eða hótanir um slíkt á samfélagsmiðlum.

**ELTIHRELLING (STALKING):** Til dæmis að elta manneskju og/eða sitja fyrir henni gegn vilja hennar, njósnir og ofsóknir, staðsetningarbúnaði komið fyrir í síma eða ökutæki.

**BEINT OG/EÐA ÓBEINT OFBELDI GEGN BÖRNUM:** Einhvers konar líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi sem gerist inni á heimilinu, hvort sem það beinist gegn barni eða ekki.

**VANRÆKSLA VIÐKVÆMRA HÓPA:** Til dæmis aðstoð haldið viljandi frá viðkomandi, lyfjagjöf ekki sinnt sem skyldi o.fl.

**OFBELDI SEM FELUR Í SÉR MISMUNUN:** Ofbeldi og áreitni sem beinist t.d. að uppruna, kyni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund, skerðingu eða annarri stöðu viðkomandi.

Þjónustunotendur Suðurhlíðar eiga það sameiginlegt að hafa sætt ofbeldi og vilja vinna með afleiðingar þess. Ofbeldi í nánum samböndum er samfélagslegt, heilsufarslegt og félagslegt vandamál þar sem þverfagleg samvinna ólíkra úrræða og félagasamtaka getur stuðlað að heildarsýn varðandi afleiðingar og úrræði.

## Fræðsla og kynningarstarf

Teymisstýra Suðurhlíðar sinnir fræðslu um eðli og afleiðingar ofbeldis til fyrirtækja og stofnana. Starfsemin var kynnt fyrir Lýðheilsuráði Reykjanesbæjar og samstarfshópnum Öruggeri Suðurnes. Einnig var haldin kynningar og samstarfsfundur með ráðgjöfum og sérfræðingum frá Suðurnesjabæ og Reykjanesbæ. Í febrúar var starfsemin kynnt fyrir Geðheilsuteymi HSS og Björginni geðræktarmiðstöð Suðurnesja. Í apríl var kynning fyrir Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Farið var í heimsókn til Kvennaathvarfsins, Stígamóta, Heimilisfriðar og Bjarkarhlíðar. Teymisstýra fór einnig á fund hjá Jafnréttisráði á Akureyri og um leið í heimsókn til Bjarmahlíðar.

## Alþjóðlegt samstarf

Suðurhlíð er í samstarfi EFJC European Family Justice Center. Teymisstýra fór á ráðstefnu í Heraklion í Grikklandi í september 2025. Á ráðstefnunni var lögð sérstök áhersla á mikilvægi stjórnvalda og stjórnámálanna að tryggja langtíma sjálfbærni þolendamiðstöðva víða um heim.

## Styrkir

Auk styrks frá Félags-og vinnumálaráðuneytinu fékk Suðurhlíð styrk frá félagi Soroptimista í Reykjanesbæ og Blue Car Rental í tengslum við Góðgerðarfest þeirra. Reykjanesbær veitti styrk í formi hönnunar á bæklingum. Virk veitti einnig styrk í tengslum við stuðning við þolendur kynferðisofbeldis. Suðurnesjabær leggur fram styrk í formi útreiknings launa og Lögreglustjórinn á Suðurnesjum í formi jólagjafar fyrir starfsmann.

## Tölulegar upplýsingar


Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Suðurhlíðar eru byggðar á spurningum í komuskýrslum sem allir þjónustunotendur svara þegar þeir koma í fyrsta skipti í viðtal. Þjónustunotendur svara sjálfir bakgrunnsupplýsingum en ráðgjafi Suðurhlíðar tekur svo við og fyllir inn í komuskýrsluna. Samskonar spurningalisti er lagður fyrir alla þjónustunotendur.

Hér fyrir neðan er að finna upplýsingar úr helstu þáttum í komuskýrslu. Athugið að í einhverjum tilfellum svöruðu ekki þjónustunotendur öllum spurningum í komuskýrslu og í þeim tilfellum eru einungis svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar með í útreikningum fyrir þá spurningu.

Hér verður gerð nánari grein fyrir þeim sem leituðu til Suðurhlíðar fyrir árið 2025

Hér er átt við það ofbeldisatvik sem þjónustunotandi er komin til að ræða

## 1. Tími atviks



MYND 1. TÍMI ATVIKS

## 2. Þjónusta áður

Þegar spurt var um hvort þolendur hefðu fengið þjónustu áður ( hægt var að merkja við fleiri en einn möguleika) svöruðu flestir annar staðar en við þá möguleika sem gefnir voru upp, 14 höfðu ekki fengið aðstoð áður.


Dreifing svara vegna þjónustu sem notendur höfðu fengið áður en þeir komu í Suðurhlíð til loka árs 2025. Athugið að fjöldi svara (N=172) er hærri en fjöldi þjónustunotenda (N= 72), en það skýrist af því að einhverjir höfðu fengið aðstoð áður á fleiri en einum stað.

Þjónusta áður	Fjöldi	Hlutfall
Ekki fengið aðstoð áður	14	8%
Lögreglu	24	14%
já aðstoð annars staðar	70	41%
Bjarkahlíð	22	13%
Sjálfstætt starfandi meðferðaraðili (sálfræðingur/fíknifræðingur eða annað)	16	9%
Kvennaathvarf	7	4%
Heilsugæslu/spítala	19	11%
	172	100%

**TAFLA 1. ÞJÓNUSTA ÁÐUR**

### 3. Komufjöldi eftir mánuðum

Að meðaltali komu 6 einstaklingar í fyrsta viðtal í Suðurhlíð í hverjum mánuði á árinu 2025. Flestir komu í fyrsta viðtal í nóvember eða 14 en færstir komu í fyrsta viðtal í apríl og september eða 3 í hvorum mánuði sem skýrist af fríi teymisstýru og lokun Suðurhlíðar á þeim tíma. Sjá nánar dreifingu fyrstu viðtala á mynd 2.



MYND 2. DREIFING FYRSTU VIÐTALA EFTIR MÁNUÐUM.

#### 4. Upplýsingar um um úrræðið.


Flestir höfðu heyrt af Suðurhlíð í gegnum annað eða 41% og í gegnum Velferðarsvið/Félagsþjónustu eða 20 % eða 14 einstaklingar, sjá töflu 2.

Upplýsingar um úrræði	Fjöldi	Hlutfall
Heilbrigðiskerfið	8	12%
Annað	28	41%
Vinur/kunningi	9	13%
Velferðarsvið/Félagsþjónusta	14	20%
Fann sjálfur/sjálft	10	14%
	69	
		100%

**TAFLA 2. UPPLÝSINGAR UM ÚRRÆÐIÐ**

## 5. Aldur


Það voru 68 sem að svöruðu spurningu um aldur, flestir voru á aldrinum 31-40 ára, sjá mynd 3.



**MYND 3. DREIFING ALDURS ÞJÓNUSTUNOTENDA Í SUÐURHLÍÐ 2025.**

## 6. Kyn.


Alls svöruðu 72 einstaklingar spurningu um kyn mikill meirihluti þjónustunotenda voru konur eða tæp 92% sjá mynd 4.



Mynd 4. Skipting þjónustunotenda eftir kyni, karl, kona, kynsegin.

## 7. Kynhneigð


Alls svöruðu 71 einstaklingur spurningunni um kynhneigð, flestir voru gagnkynhneigðir eða 68 svarenda. Sjá mynd 5.



**MYND 5. DREIFING SVARENDA UM KYNHNEIGÐ.**

## 9. Búseta þolanda

Þeir 72 einstaklingar sem fengu aðstoð hjá Suðurhlíð 2025 voru búsettir á Suðurnesjum, einn á Vesturlandi og einn í Reykjavík.



MYND 6. BÚSETA ÞOLENDA.

## 10. Hjúskaparstaða

Flestir notendur þjónustunnar voru einhleypir, að skilja/slíta sambúð eða (59%) þeir sem voru í sambandi eða giftir voru (40%), sjá töflu 4.

Hjúskaparstaða	Fjöldi	Hlutfall
Einhleyp/ur/t	28	40%
Er að skilja/slíta sambúð	13	19%
Sambúð	20	29%
Gift/ur	8	11%
Ekkja/ekkill	1	1%
	70	100%

**TAFLA 3. HJÚSKAPARSTAÐA ÞJÓNUSTUNOTENDA**

Hjúskaparstaða þjónustunotenda sem leituðu til Suðurhlíðar 2025

## 11. Atvinnustaða

Alls voru 29% þjónustunotenda í fullu starfi eða hlutastarfi. Hlutfall öryrkja og þeirra sem voru á tímabundnum endurhæfingarlífeyri var 44% og atvinnulausir voru 8%. Samanlagður fjöldi svara þjónustunotenda hér var 78 sem að skýrist af því að einhverjir þeirra voru til dæmis í vinnu og í námi og er nefnarinn vegna útreikninga í töflu 5 því 78.

Atvinnustaða	Fjöldi	Hlutfall
Í fullu starfi	19	24%
Öryrki/tímabundinn endurhæfingarlífeyrir	34	44%
Í hlutastarfi	10	13%
Fæðingarorlof	4	5%
Annað	5	6%
Vinnumálastofnun	6	8%
	78	100%

**TAFLA 4. ATVINNUSTAÐA ÞJÓNUSTUNOTENDA**

Atvinnustaða þjónustunotenda þegar þeir komu í fyrsta viðtal í Suðurhlíð ár.

## 12. Menntunarstig

Meirihluti þjónustunotenda hafði lokið námi í grunnskóla eða framhaldsskóla eða samtals 61%, sjá nánar í töflu 6.

Menntunarstig	Fjöldi	Hlutfall
Grunnskólanám	29	41%
Framhaldsskólanám	14	20%
Háskólanám	16	23%
Sérskólanám	5	7%
Annað	6	9%
	70	100%

**TAFLA 5. MENNTUNARSTIG ÞJÓNUSTUNOTENDA**

Menntunarstig þjónustunotenda sem komu í fyrsta viðtal í Suðurhlíð árið 2025.

## 13. Fötlun eða sjúkdómar

Til að greina fjölda þeirra einstaklinga sem leita til Suðurhlíðar og búa við fötlun og/eða sjúkdóm eru þjónustunotendur spurðir hvort þeir búi við eitthvað af eftirfarandi; andlegan sjúkdóm, líkamlegan sjúkdóm, kulnun í starfi, hreyfihömlun, heyrnarleysi, þroskaskerðingu, blindu/sjónskerðingu og/eða annað. Svörin voru 104, þeir sem sögðu já voru 51%, svör þeirra má sjá í töflu 7.

Fötlun/sjúkdómar	Fjöldi	Hlutfall
Nei ég bý ekki við neitt af ofantöldu, né neitt þessu tengdu	29	29%
Andlegan sjúkdóm	29	27%
Líkamlegan sjúkdóm	19	17%
Kulnun í starfi	8	7%
Annað	19	17%
	104	100%

**TAFLA 6. FÖTLUN OG/EÐA SJÚKDÓMAR**

Fötlun og/eða sjúkdómar sem þjónustunotendur Suðurhlíðar árinu 2025 glíma við.

## 14. Birtingarmyndir ofbeldis

Í töflu 8 er gerð grein fyrir birtingarmyndum ofbeldis sem þjónustunotendur hafa mátt þola en alls greindu 71 einstaklingur frá ólíkum tegundum ofbeldis. Alls greindu 9 einstaklingar frá því að hafa orðið fyrir kyrkingartökum, kynferðislegu ofbeldi og eltihrellishegðun á árinu 2025. Samkvæmt rannsóknum Dr. Jane Monckton Smith sem hefur rannsakað ofbeldi í nánum samböndum eru það sérstaklega þessir þrír þættir sem sýna lífshættulega stigmögnun í ofbeldissamböndum. Athugið að margir þjónustunotendur hafa mátt þola fleiri en eina tegund ofbeldis, því er samanlagt hlutfall hærra en 100% í töflu 8.

Nefnarinn við útreikninga fyrir töflu 8 er 71, sem er fjöldi einstaklinga sem svöruðu spurningunni. Þegar merkt var við einn möguleika reyndust 67 þjónustunotenda vera komnir til að ræða heimilisofbeldi.

Tegund ofbeldis	Fjöldi	Hlutfall
Líkamlegt ofbeldi	43	61%
Andlegt ofbeldi	66	93%
Fjárhagslegt ofbeldi	37	52%
Kynferðisofbeldi	40	56%
Beint eða óbeint ofbeldi gegn börnum	11	15%
Eltihrellingar	25	19%
Annað	129	297%
	71	

**TAFLA 7. BIRTINGARMYND OFBELDIS**

## 15. Tengsl við geranda

Ef svör þjónustunotenda eru skoðuð út frá tengslum við geranda eru 8þjónustunotenda að koma vegna heimilisofbeldis, þ.e. gerandinn er núverandi/fyrrverandi maki, foreldri/stjúpforeldri, ættingi eða barn þolanda, sjá nánar í töflu 9.


Samanlagður fjöldi svara þjónustunotenda hér var 78 þar sem einhverjir nefndu fleiri en einn geranda. Nefnarinn vegna útreikninga í töflu 9 er því 78.

Tengsl við geranda	Fjöldi	Hlutfall
Núverandi maki/kærast/i/a	13	17%
Fyrrverandi maki/kærast/i/a	35	45%
Foreldri	11	14%
Ættingi	4	5%
Vinur eða kunningi	5	6%
Annað	10	13%
	78	100%

**TAFLA 8. TENGLI ÞJÓNUSTUNOTENDA VIÐ GERANDA**

## 16. Kyn, aldur og uppruni geranda

Samkvæmt upplýsingum úr spurningarlistum úr 68 málum voru karlar gerendur í 87% málanna og 13 % konur. Flestir gerendur voru á aldursbilinu 31-40 ára, sjá mynd 7.



MYND 7. ALDURSDREIFING GERANDA

## 17. Uppruni geranda


Upplýsingar um uppruna geranda voru reiknaðar út frá 67 málum og af þeim voru 81% íslenskir, 9% innan ESB og 9 % utan ESB.

Uppruni	Fjöldi	Hlutfall
Íslenskur	54	81%
Erlendur innan ESB	6	9%
Erlendur utan ESB	6	9%
Ekki vitað	1	1%
	67	100%

### TAFLA 9. UPPRUNI GERANDA

Þjónustunotendur Suðurhlíðar árið 2025, nefndu gerendur frá eftirfarandi löndum auk Íslands: Nígeríu, Bandaríkjunum, Gaza, Litháen, Sýrland, Kyrgyzstan, Filippseyjar, Perú og Póllandi.

## 18. Kærur á hendur geranda



MYND 8. KÆRUR Á HENDUR GERANDA.

Af þeim 70 sem svöruðu sögðu rúm 31% að ofbeldið gegn viðkomandi hafi verið kært til lögreglu.

## 19. Vettvangur ofbeldis.

Alls fengust 97 svör frá 72 þjónustunotendum við spurningunni um vettvang ofbeldisins en hluti þjónustunotenda hefur upplifað ofbeldi oftár en einu sinni og því er samanlagður fjöldi hér 97. Algengast var að ofbeldið ætti sér stað inni á heimili þolanda eða sameiginlegu heimili þolanda og geranda eða í 67% tilfella. Sjá nánar töflu 11.

Vettvangur ofbeldis	Fjöldi	Hlutfall
Heimili þolanda	24	25%
Heimili geranda	5	5%
Sameiginlegt heimili geranda og þolanda	43	44%
Í bíl	9	9%
Annað	16	16%
	97	100%

**TAFLA 10. VETTVANGUR OFBELDIS.**

## 20. Fíkn geranda

Alls komu fram 109 svör frá þjónustunotendum við spurningu um hvort þeir telji að gerandi búi við einhvers konar fíkn. Hluti þjónustunotenda nefndi fleiri en eina tegund fíknar og því er samanlagður fjöldi hér 109. Sjá nánar í töflu 12.


Dreifing svara við spurningunni: Telur þú að gerandi búi við einhvers konar fíkn? Sumir þjónustunotendur nefndu fleiri en eina tegund fíknar. Nefnarinn hér er 109.

Fíkn geranda	Fjöldi	Hlutfall
Já áfengisfíkn	40	37%
Já vímuefnavanda	26	24%
Nei enga fíkn	13	12%
Ekki vitað	19	17%
Klámfíkn	11	10%
	109	100%


TAFLA 11. FÍKN GERANDA.

## 21. Vopn og eyðilegging muna.

Af 72 þjónustunotendum svöruðu 55 spurningunni um vopnanotkun í tengslum við ofbeldisatvik af hálfu gerenda. Alls sögðu rúm 30% þeirra þjónustunotenda sem svöruðu spurningunni að gerandi hafi beitt vopni í tengslum við ofbeldið. Sjá mynd 9. Alls svöruðu 59 einstaklingar spurningu um hvort gerandi hafi eyðilagt muni þjónustunotenda, alls svöruðu rúm 59% játandi en 69% „nei“, sjá mynd 10.




**MYND 9. VOPNANOTKUN.**



**MYND 10. EYÐILEGGING MUNA.**

## 22. Fjárhagslegt ofbeldi

Alls svöruðu 69 einstaklingar spurningu um hvort ofbeldið hefði haft áhrif á fjárhagslega afkomu. Af þeim svöruðu 46 spurningunni játandi en 20 neitandi. Hjá 3 einstaklingum átti það ekki við eða það náðist ekki að spyrja, sjá mynd 11.



MYND 11. FJÁRHAGSLEGT OFBELDI.

### 23. Afleiðingar ofbeldis

Afleiðingar ofbeldis geta verið margskonar, andlegar, líkamlegar og/eða fjárhagslegar. Ofbeldið hefur einnig þær afleiðingar að þolandi þarf að eiga ýmis samskipti við t.d. lögregluna, barnavernd og heilbrigðiskerfið sem getur aukið á álag fyrir þolandendur.

Þjónustunotendur voru spurðir hvort þeir væru að takast á við andlegar og/eða líkamlegar afleiðingar í kjölfar ofbeldisins sem þeir eru komnir til að ræða. Alls svöruðu 71 þjónustunotenda spurningunni. Af þeim sem svöruðu sögðust 71 (100%) vera að kljást við afleiðingar ofbeldisins.

Svör við spurningunni: Er viðkomandi að takast á við andlegar og/eða líkamlegar afleiðingar í kjölfar ofbeldisins? Hér er átt við það atvik/ofbeldi sem þjónustunotandi vill ræða núna.

Í þessari spurningu var hægt að merkja við fleiri en einn valmöguleika. Alls greindu 71 þjónustunotendur frá samtals 311 atriðum sem afleiðingum ofbeldis. Sjá nánar í töflu 13.

Afleiðingar ofbeldis	Fjöldi	Hlutfall
Erfiðleika með svefn	50	16%
Einkenni áfallastreitu	56	18%
Kvíðaeinkenni	67	22%
Þunglyndiseinkenni	51	16%
Líkamlega verki	30	10%
Annað	57	18%
	311	100%

**TAFLA 12. AFLEIÐINGAR OFBELDIS**

## 24. Lögreglan

Alls greindu 32 einstaklingar frá því að lögreglan hafi haft afskipti af heimilinu vegna ofbeldisins. Það eru 50% af þeim sem svöruðu spurningunni um lögregluafskipti. 2% sögðu að spurningin ætti ekki við en 48% sögðu „nei“ við spurningunni. Alls sögðust 22 einstaklingar (33%) að ofbeldismál gegn viðkomandi hefðu verið kærð til lögreglu.

## 25. Barnavernd

Af þjónustunotendum 71 sögðu 47 að 93 börn byggju á heimili þjónustunotenda. Alls sögðu 27 þjónustunotendur að barnavernd hefði haft afskipti af heimilinu, eða 33% þjónustunotenda.


## 26. Heilbrigðiskerfið

Alls svöruðu 69 einstaklingar spurningu um hvort þau hefðu einhvern tímann hlotið líkamlega áverka í kjölfar ofbeldisins. Rúm 56% svöruðu þeirri spurningu játandi eða 39 einstaklingar.

## 27. Fyrri áföll tengd ofbeldi


Alls sögðust 63% þjónustunotenda (44 einstaklingar) sem leituðu til Suðurhlíðar á árinu 2025 hafa sögu um fyrri áföll sem eru tengd ofbeldi. Ef það er greint nánar má sjá að margir hafa upplifað fleiri en eina tegund ofbeldis. Af þeim 44 sem höfðu sögu um fyrri áföll tengd ofbeldi höfðu 30 einstaklingar upplifað heimilisofbeldi ýmist beint og óbeint. 21 einstaklingur hafði sögu um kynferðislegt ofbeldi, 26 einstaklingar höfðu verið beittir andlegu ofbeldi og 23 einstaklingar höfðu verið beittir líkamlegu ofbeldi. Margir einstaklingar hafa mátt þola fleiri en eina tegund áfalla í formi ofbeldis

Alls svöruðu 69 þjónustunotendur spurningunni um fyrri áföll. 44 höfðu sögu um fyrri áföll sem eru tengd ofbeldi. Samtals greindu þeir frá 118 birtingarmyndum ofbeldis.




MYND 12. FYRRI ÁFÖLL.

Eftir fyrsta viðtal í Suðurhlíð metur ráðgjafi stöðuna og vísar þjónustunotanda í viðeigandi úrræði, annars vegar til fagaðila sem eru samstarfsaðilar Suðurhlíðar (innan Suðurhlíðar) og hins vegar í viðtal hjá fagaðilum sem ekki eru samstarfsaðilar Suðurhlíðar (utan Suðurhlíðar). Flestir þjónustunotendur fá tilvísun í fleira en eitt úrræði, alls fengu þjónustunotendur 98 tilvísanir í úrræði innan Suðurhlíðar og 7 notendur í úrræði utan Suðurhlíðar.



**MYND 13. TILVÍSANIR INNAN SUÐURHLÍÐAR.**



MYND 14. TILVÍSANIR UTAN SUÐURHLÍÐAR

## Suðurhlíð til framtíðar

Á árinu 2025 voru bókuð 405 viðtöl hjá Suðurhlíð. Það sýnir hversu mikilvægt er að hafa miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á svæðinu. Það þarf að tryggja fjármagn svo að hægt sé að byggja upp og þróa starfsemina sem best fyrir notendur. Til að koma til móts við þarfir þolenda var komið af stað áfallamiðuðu jóga og stuðningshóp sem er viðbót við starfsemi Suðurhlíðar. Til að geta boðið þessa þjónustu var leitað til verktaka og sótt um sérstakan styrk til að geta greitt fyrir aðstöðu og þjónustu. Þessi þjónusta er mjög kærkomin bæði fyrir teymisstýru og þjónustunotendur og er nauðsynleg viðbót við þjónustu Suðurhlíðar. Vegna ótryggs fjármagns fyrir árið 2026 er erfitt að gera áætlanir bæði fyrir teymisstýru og þolendur, því eitt að markmiðum Suðurhlíðar er að byggja upp traust með þolendum og þá þarf að vera hægt að standa við það sem lagt er upp með. Því er eitt það mikilvægasta að tryggja miðstöðinni fjármagn til framtíðar.



# Suðurhlíð

Suðurhlíð  
Aðalgötu 60, Reykjanesbæ  
sudurhlid@sudurhlid.is  
www.sudurhlid.is  
591-7058